

Sigurður Pálsson
Frostaskjóli 13, 107 Reykjavík
sigpal@khi.is

Alþingi
Erindi nr. P 135/1722 1
komudagur 63. 2008

Til menntamálaráðherra
frú Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur
og menntamálanfndar Alþingis.

Efni: Frumvarp til laga um grunnskóla.

Undirritaður vill hér með koma á framfæri fáeinum athugasemdum við frumvarp til laga um grunnskóla sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi. Athugasemdir mínar lúta einkum að 2. og 25. grein frumvarpsins.

Um 2. grein.

Í fyrirliggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir að nefna ekki kristilegt siðgæði í lagatextanum en tilgreina þess í stað atriði sem talin eru einkenna kristilegt siðgæði. Í greinargerð með frumvarpinu segir: „Pykir rétt að tilgreina ekki beint kristilegt siðgæði í ljósi breytinga á samfélaginu á undanförmum árum. Þessi breyting er í samræmi við ábendingar frá ýmsum aðilum.“ Ekki er nánar tilgreint í hverju umræddar breytingar á þjóðfélaginu eru. Þó má ætla að verið sé að vísa til vaxandi fjölhyggju- og fjölmenningar. Í þeirri umræðu gleymist þó oft að meirihluti innflytjenda er kristinnar trúar. Þá er þess ekki getið í greinargerð hvaða „ýmsu aðilar“ hafa bent á nauðsyn þessarar breytingar.

Þegar menntamálaráðherra fylgdi frumvarpinu úr hlaði sagði ráðherra meðal annars: „Eru breytingarnar gerðar að höfðu samráði við fjölmarga aðila. Framangreind hugtök endurspeglu hugtök kristilegs siðgæðis og grunnildin sem íslenskt þjóðfélag byggir á.“ Og nokkru síðar: „Ég legg áherslu á, herra forseti, að með breytingunni er ekki verið að draga úr mikilvægi kristinnar trúar og kristilegu gildismati, menningu okkar og hegðun.“ Þessari eindregnu afstöðu ráðherra til kristinna gilda ber að fagna.

Í andsvari sínu við athugasemd Karls V. Matthíassonar um 2. gr. frumvarpsins sagði ráðherra: „Ég tel hins vegar greinina eins og hún er

sett fram þarna vera rétta. Við lítum þar til þeirra breytinga sem hafa átt sér stað í samfélaginu á undanförunum árum en ekki síður til þess að Mannréttindadómstóll Evrópu gerði Norðmönnum það að þeir þurftu að breyta sínum lögum þar sem einmitt var fjallað um kristilegt siðgæði.“

Þá er ég kominn að kjarna fyrri athugasemdar minnar. Ég leyfi mér að staðhæfa að ályktunin sem dregin er af dómi mannréttindadómstóls Evrópu í kærumáli nokkurra forleðra gegn norska ríkinu sé að verulegu leyti á misskilningi byggð, þar sem hinar norsku forsendur eru ekki fyrir hendi hér á landi. Þetta byggir ég m.a. á því að ég hef fylgst með þessum málarekstri og forsendum hans frá upphafi, kynnt mér dóm mannréttindadómstólsins gaumgæfilega og borið skilning minn undir mér lögfróðari menn. Til nánari skýringar á álitinu mínu vil ég tilgreina nokkur mikilvæg atriði. Aðdragandi kærumálsins var þessi:

Á miðjum tíunda áratug síðustu aldar gerðu Norðmenn róttækar breytingar á trúarbragðafræðslu í norska skyldunámsskólanum og sameinuðu tvær námsgreinar, kristindómsfræðslu og það sem þeir kölluðu „lívssynsundervisning“. Hið síðara hafði verið valkostur fyrir þá nemendur sem ekki kusu að taka þátt í hefðbundinni kristindómsfræðslu. Þessi breyting var gerð í því skyni tryggja að allir nemendur, án tillits til trúar- og lífsskoðana, fengju sömu fræðslu og jafnframt til þess að nemendur með ólík lífsviðhorf fengju tækifæri til að kynnast og ræða þau við skólafélaga. Þetta var talið stuðla betur að gagnkvæmum skilningi og umburðarlyndi en fyrra fyrirkomulag. Tekið var skýrt fram að trúarbragðafræðslan ætti að vera venjuleg námsgrein sem ætlað væri að miðla þekkingu lyti sömu lögmálum og önnur fræðsla í skólanum, þ.e. þetta skyldi vera hlutlæg fræðsla þar sem þau viðhorf sem frætt væri um hverju sinni fengju að tala fyrir sig sjálf. Tekið var fram að boðun trúar eða innræting trúarskoðana væri ekki hlutverk skólans. Af þessum sökum voru slilyrði um undanþágu frá þátttöku í þessari fræðslu mjög þröng. Eingöngu var hægt að fá undanþágu frá þeim þáttum sem foreldrar upptöldu vera þátttöku í trúariðkun eða trúarlegum athöfnum. Foreldrar þurftu að sækja um undanþágu skriflega og rökstyðja hana. Kæra umræðdra foreldra til Mannréttindadómstóls Evrópu fólst í því að þessi þröngu

undanþáguákvæði, með þeim skilyrðum sem þeim fylgdu, væru brot á ákvæðum í Mannréttindasáttmála Evrópu, m.a. 9. gr. og 2. gr. í viðauka nr. 1. Þá töldu umræddir foreldrar að nefnd skilyrði fyrir undanþágu væru brot á ákvæðum 14. gr. sáttmálans um bann við mismunun. Niðurstaða dómsins var sú að umrædd skipan mála væri brot á 9. gr. og 2. gr. í viðauka nr. 1 en ekki brot á 14. gr. sáttmálans.

Forsendur dómsins eru lykilatriði við túlkun hans. Þær voru m.a. þær að væru lagaákvæði um greinina og námskráin skoðuð í ljósi markmiðsgreinar norska grunnskólans hefði fræðsla um kristna trú í norska grunnskólanum í eðli sínu (kvalitatíft) aðra stöðu en fræðsla um önnur trúarbrögð og lífsviðhorf. Í markmiðsgreininni er m.a. kveðið á um að skólinn skuli veita nemendum kristilegt og siðgæðislegt uppeldi (ei kristen og moralsk oppseding). Lagaákvæði um námsgreinina kváðu á um að kennarar í greininni ættu að taka mið af markmiðsgrein skólans. Þetta þótti mannréttindadómstólnum gefa ótvírætt til kynna að fræðsla skólans um kristna trú væri eðlisólík fræðslu um önnur trúarbrögð. Af þeim sökum væru undanþáguskilyrðin of þröng með tilliti til mannréttinda. Hins vegar gerði dómurinn enga athugasemd við það að umfang kristindómsfræðslunnar væri mun meira en fræðslu um önnur trúarbrögð og lífsskoðanir með tilliti til sögu og menningar norsku þjóðarinnar. Vert er að vekja sérstaklega athygli á þessu. Dómsniðurstaðan kvað ekki á um að Norðmenn þyrftu að breyta markmiðsgrein skólans eins og staðhæft hefur verið. Hins vegar hafa norsk stjórnvöld, að teknu tilliti til röksemda dómsins fyrir niðurstöðu sinni, kosið að vinna að breytingum á markmiðsgrein skólans og er gert ráð fyrir að tillögur verði lagðar fyrir norska Stórþingið fyrri hluta þessa árs. Norðmenn hafa nú gert breytingar á námskrá greinarinnar og á undanþáguákvæðunum til að koma til móts við niðurstöður dómsins. Rétt er að geta þess að dómurinn klofnaði í málinu og var felldur með 9 atkvæðum gegn átta, Minnihlutinn taldi að mennréttindi hefðu ekki vrið brotin. Þetta er óvenju tæpur meirihluti í svo fjölskipuðum dómi.

Að minni hyggju eiga tvær meginforsendur dómsins ekki við hér á landi. Í fyrsta lagi er íslenska grunnskólanum ekki ætlað að veita

nemendum kristilegt uppeldi, þótt starfshættir skólans eigi að mótast af kristilegu siðgæði. Á þessu tvennu er að mínu mati grundvallarmunur. Í gildandi grunnskólalögum er verið að vísa til þess gildagrunns sem íslenskt þjóðfélag hefur byggt á um aldir og flestir eru sammála um, þótt ýmsir sem fallast á þessi siðgæðisviðmið telji sig ekki trúarlega skuldbundna þeim. Eins og ráðherra hefur bent á er ekki verið að yfirgefa þessi grunngildi sem mótað hafa íslenskt þjóðlíf í þúsund ár. Það er því vandséð hvers vegna ekki má nefna hvaðan þau eru ættuð. Að mínu mati er grundvallarmunur á því að skólinn veiti nemendum kristilegt uppeldi, sem ber væntanlega að skilja sem kristið trúaruppeldi, og því að starfshættir skólans skuli mótast af kristilegu siðgæði. Líklega væri þó enn skýrara að vísa til gildagrunns þess sem menningararfurinn hefur miðlað sem „hins húmanísk- kristna menningararfs“.

Í öðru lagi eru engin sértæk ákvæði í gildandi grunnskólalögum um undanþágu frá kristindóms- og trúarbragðafræðslu skólans. Í lögnum eru hins vegar almenn ákvæði um undanþágur nemenda frá einstökum þáttum skólastarfs óski foreldrar þess. Menntamálaráðuneytið hefur hins vegar ekki, að því er ég best veit, sett viðmiðunarreglur fyrir skólastjórnendur hvernig með slíkar beiðnir skuli fara og er það míður.

Um 25. grein.

Í 25. grein fyrirleggjandi frumvarps til laga um grunnskóla er gert ráð fyrir að námsgrein sem nú ber heitið „kristin fræði, trúarbragðafræði og siðfræði“ verði sett undir hatt samfélagsgreina. Um þetta segir í greinargerð með frumvarpinu: „Loks er tillaga um að kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði flokkist undir samfélagsgreinar en teljist ekki sérstakur liður í lögum. Áfram verði áhersla á þessa þætti innan samfélagsgreina, en í gildandi viðmiðunarstundaskrá í aðalnámskrá eru þessir þættir með sameiginlega tíma til ráðstöfunar.“

Þessi breyting á stöðu greinarinnar „kristin fræði, trúarbragðafræði og siðfræði“ verður að teljast róttæk í meira lagi. Greinin er lögð niður sem sérstök námsgrein en hins vegar boðað að „áhersla verði lögð á þessa þætti (!) innan samfélagsgreina“. Það vekur furðu að ekki skuli vera í

greinargerð færð nein rök fyrir breytingunni, en þess aðeins getið að greinin hafi deilt kennslustundum með samfélagsgreinum. Það er eindregin skoðun mín að verði af þessari breytingu veikist staða trúarbragðafræðslunnar verulega á sama tíma og víða um Evrópu og einnig hér á landi hefur verið bent á mikilvægi þess að efla trúarbragðafræðslu og fræðslu um önnur lífsviðhorf vegna vaxandi alþjóðavæðingar og fjölmenningar. Skulu nú tilgreind dæmi um þetta.

Árið 1996 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, stefnumótunarnefnd um endurskoðun aðalnámskráa grunn- og framhaaldsskóla. Nefndin skilaði skýrslu í apríl 1997. Þar segir m.a.: „Ljóst er að alþjóðleg samskipti munu verða sífellt stærri þáttur í lífi uppvaxandi kynslóða og því mikilvægt að nemendur öðlist einnig skilning á menningu og sögu annarra þjóða og sameiginlegri arfleifð mannkyns og öðlist þannig umburðarlyndi gagnvart ólíkum kynþáttum.“ Síðan segir (leturbr. mín): *Mun minni tíma er varið til kennslu kristinna fræða hér á landi en hjá nágrannaþjóðunum. Mikilvægt er að kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði fái tilhlýðilegt rými í grunnskólum og staða þeirra greina verði skoðuð sérstaklega. Einkum er brýnt að endurskoða námsefni í þessum greinum.*“ Að lokinni umræddri endurskoðun á námskrá sá þess því miður hvergi stað að tillit hefði verið tekið til þessa álits.

Menntamálaráðherra sagði þegar frumvarp til laga um grunnskóla var lagt fram: „Í skólum landsins á að fara fram fræðsla, uppeldi og menntun. Skólarnir okkar ganga út á það og það erum við sammála um. Hins vegar verður trúarbragðafræðsla að vera mjög sterk og öflug og við þurfum að kynna börnum okkar trúarbrögð. Þar leikur kristnin að mínu mati lykilhlutverk.“ Undir þetta skal tekið. Að leggja greinina niður sem sérstaka námsgrein og gera fræðsluna að eins konar viðhengi við samfélagsgreinar stuðlar að minni hyggju ekki að því að styrkja fræðslu skólanna um kristinn dóm, önnur trúarbrögð og lífsviðhorf. Þvert á móti tel eg að þessi ætlaða ráðstöfun muni veikja hana til muna. Benda má á að greinin er kennd sem sérstök námsgrein í flestum löndum Evrópu eins og kemur fram í nýju riti *Religious Education in Europe* (2007), sem ICCS

(Intereuropean Commission on Church and School sem hefur „participative status at the Council of Europe“) gefur út.

Í þessu sambandi er einnig vert að vekja athygli á eftirfarandi: Í yfirlýsingu frá CoGREE (Coordinating Group for Religion in Education in Europe) segir: „Existence among people from different cultural backgrounds is clearly dominated by their religious and non-religious worldviews. Becoming acquainted with diversity is a matter of learning and should be facilitated by the public education system. Awareness of the importance of religion both for individual human development and for common life in society has become increasingly significant during the past few years. - Education which takes no account of the religious explanation of human and spiritual experience of humanity is ipso facto incomplete.“

Þá hefur OSCE/ODHIR (Organisation for Security and Co-operation in Europe/Office for Democratic Institutions and Human Rights) sent frá sér ritlinginn *Toledo guiding principles of teaching about religions and beliefs in public schools* (2007) þar sem segir m.a. (bls. 18): „There is a growing consensus among educators that knowledge of religions and beliefs is an important part of a quality education and that it can foster democratic citizenship, mutual respect, enhance support for religious freedom, and promote an understanding of societal diversity.“

Af þessu má ráða að ríkari þörf er fyrir að efla trúarbragðafræðslu í skólakerfinu fremur en þrengja að henni. Færa má rök fyrir því að trúarbragðafræðsla og samfélagsgreinar eigi samleið á tilteknum sviðum. Það er hins vegar kennslufræðilegt útfærsluatríði. Það eru þó ekki næg rök fyrir því að leggja trúarbragðafræðsluna niður sem sérstaka námsgrein. Minna má á að á sínum tíma (1998) vísaði starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins til undirbúnings endurskoðunar námskrár í samfélagsgreinum því verkefni frá sér að taka þátt í gerð námskrár í kristnum fræðum og trúarbragðafræðum á þeim forsendum að greinin væri ekki samfélagsgrein.

Vandi fræðslu um kristindóm, trúarbrögð og önnur lífsviðhorf í íslenska skólakerfinu er að mínu mati fyrst og fremst ófullnægjandi menntun kennara. Hún á sér meðal annars rætur í því að framhaldsskólar sinna

ekki þessari fræðslu nema sem valgrein og þá í undantekningartilvikum. Þetta er öfugt við flest nágrannalönd okkar þar sem fræðsla um trúarbrögð er kjarnagrein í framhaldsskólum. Þetta veldur því að kennranemar hér á landi hafa fæstir fengið fræðslu um trúarbrögð síðan þeir voru í grunnskóla. Fram undir síðustu aldamót voru kristin fræði og síðar einnig trúarbragðafræði kjarnagrein í kennaranámi en eru nú valkvæðar greinar sem veldur því, þar sem framboð valgreina er mikið, að meirihluti kennara kemur út úr skólanum með sömu menntun í þessum greinum og þeir höfðu er þeir luku grunnskólaprófi. Sama gildir um kennslufræði greinarinnar. Þessi gloppa í framhaldsskóla- og kennaramenntuninni veldur mestu um veika stöðu greinarinnar í grunnskólum og það öryggisleysi sem margir kennarar lýsa þegar kemur að fræðslu um trúarbrögð. Eigi að sinna kalli tímans um aukna og vandaða fræðslu um trúarbrögð og lífsskoðanir þarf að verða róttæk breyting á menntun kennara á þessu sviði, bæði hvað varðar almenna kennara og sérkennara í greininni. Jafnframt er þörf á öflugum endurmenntunarnámskeiðum. Auk þess þyrfti að gera átak í fræðslu framhaldsskólanna um þetta atriði, því með auknum þroska þurfa nemendyr að fá tækifæri til að afla sér þekkingar og glíma við álitamál af essu tagi.

Að framansögðu er ljóst að ég teldi það glapræði að samþykkja að draga úr sérstöðu og mikilvægi þessarar fræðslu með því að skilgreina hana sem „einn þátt“ í kennslu samfélagsgreina. Mikilvægara væri að hverfa aftur til þess sem var fyrr á árum og fá greininni sérstaklega tilgreindan kennslustundafjöldi til að undirstrika mikilvægi hennar og til að tryggja að henni væri sinnt.


Endurskoðun námskrár er sístætt viðfangsefni. Ég tel að námskrá í kristinum fræðum, trúarbragðafræðum og siðfræði sem menntamála-ráðuneytið gaf út endurskoðaða á síðasta ári standist val þær grundvallarkröfur sem gera má til trúarbragðafræðslu í fjölmeningarsamfélagi.

Að lokum vil ég leyfa mér að vitna í 2. tölulið 26. geinar í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna: „Menntun skal beina í þá

átt að þroska persónuleika einstaklinganna og innræta þeim virðingu fyrir mannréttindum og mannhelgi. Hún skal miða að því að efla skilning, umburðarlyndi og vináttu meðal allra þjóða, kynþátta og trúarflokka og að efla starf Sameinuðu þjóðanna í þágu friðarins.“ Ég leyfi mér að staðhæfa að fræðsla um trúarbrögð og lífsskoðanir sé einn mikilvægasti þátturinn í því að stuðla að því að þessum markmiðum verði náð.

Reykjavík, 20. febrúar 2008

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Sigurður Pálsson', written in a cursive style.

Sigurður Pálsson

Afrit sent formönnum þingflokka

Stutt kynning á sendanda:
Fæddur 1936.

Menntun:

Almennt kennarapróf og söngkennarapróf frá Kennaraskóla Íslands 1957.

BA í guðfræði og uppeldisfræði 1978.

Cand theol 1986.

Mun að óbreyttu verja doktorsritgerð í menntunarfræðum við Kennaraháskóla Íslands á vori komanda. Heiti rannsóknarinnar er: *Kirkja og skóli á 20. öld. Um stöðu og þróun kennslu í kristnum fræðum, trúarbragðafræðum og siðfræði á liðinni öld í samanburði við þróunina í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.*

Störf:

Kennari við Breiðagerðisskóla í Reykjavík 1957 – 1969

Skrifstofustjóri hjá Ríkisútgáfu námsbóka 1969 – 1977.

Námstjóri við menntamálaráðuneytið í kristnum fræðum, trúarbragðafræðum og siðfræði 1977–1984

Forstöðumaður námsefnissviðs Námsgagnastofnunar 1984–1990.

Framkvæmdastjóri Hins íslenska biblíufélags 1990–1997.

Sóknarprestur við Hallgrímskirkju í Reykjavík 1997–2006

Stundakennari í trúaruppeldis- og kennslufræði við KHÍ frá 1979.

Stundakennari í trúarlífssálarfræði og trúaruppeldis- og kennslufræði við guðfræðideild Háskóla Íslands frá 1998.